

Björgvin Halldórsson






Björgvin Halldórsson fæddist í Hafnarfirði árið 1951.

Fyrsta hljómsveitin sem Björgvin Halldórsson söng með hét **Bendix**. Á þessari mynd sést hann koma fram sem söngvari með hljómveitinni í fyrsta skipti.




Þegar hann var aðeins 18 ára gamall, árið 1969, var hann valinn **“Poppstjarna Íslands”**. Hann átti mest selda plötuna það ár: “Þó liði ár og öld”. Hér sést hann taka við verðlaunum fyrir það. Titillag plötunnar hefur verið eitt vinsælasta lag hans í gegnum tíðina.





Björgvin Halldórsson tók þátt í að stofna hljómsveitina **Brimkló**. Hann hætti fljótlega í hljómsveitinni þar sem hann var ósammála hinum hljómsveitar-meðlimunum um tónlistina. Hann átti þó eftir að koma aftur í Brimkló...


Björgvin Halldórsson hefur meðal annars sungið lagið “Þrír litlir krossar” með Brimkló.





Björgvin var í hljómsveitinni **De Lónlí Blú Bojs** ásamt meðal annarra Gunnari Þórðarsyni og Rúnari Júlíussyni.


Fyrsta plata þeirra hét “Stuð stuð stuð” en það orð einkennir einmitt tónlistina þeirra: Mikið stuð!






Björgvin Halldórsson var í hljómsveitinni **HLH flokkurinn** með þeim bræðrum Halla og Ladda.

Þeir eru hér klæddir í leðurjökkum því þeir spiluðu rokk. Lagið “Vertu ekki að plata mig” hefur slegið í gegn.






Árið 1993 gaf Björgvin Halldórsson út plötuna “Kom heim” með **Gospel-lögum**. Segja má að hann hafi með þeirri plötu komið gospel-tónlistinni á kortið á Íslandi. Lagið “Gullvagninn” er meðal vinsælustu laga plötunnar.






Björgvin Halldórsson söng lagið
“Núna” fyrir Íslands hönd í Eurovision-
keppninni árið 1995. Lagið lenti í 15.
sæti.

Lagið er svokölluð ballaða, rólegt lag
þar sem söngrodd Björgvins nýtur sín
vel.





Á hverju ári heldur Björgvin Halldórsson vinsæla jólatónleika sem hann nefnir **Jólagestir Björgvins**. Þá fær hann nokkra af bestu söngvurum landsins til liðs við sig að syngja vinsæl jólalög. Árið 2014 söng dóttir hans, Svala Björgvinsdóttir, með honum lagið “Þú komst með jólin til mín”.



Hér er hægt að lesa meira um Björgvin Halldórsson:

<http://www.ismus.is/i/person/id-1006125>

<https://www.tonlist.is/#artist/2611>

Hér er hægt að hlusta á fleiri lög með Björgvini Halldórssyni:



Björgvin Halldórsson og hljómsveitin Flowers
árið 1969



Brimkló: "Skólalag"



De lónli blúbojs: "Vaxtarlag"



HLH flokkurinn: "Í útvarpinu heyrði ég lag"